

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 392/1995 um mjólkurprótein til notkunar í matvæli.

1. gr.

Fyrri málsliður 1. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Reglugerð þessi gildir um kasein og kaseinöt eins og þau eru skilgreind í 2. gr., sem eru ætluð til manneldis, og blöndur með þeim.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Kasein: hreinsað og þurrkað mjólkurprótein, óleysanlegt í vatni og fengið úr undanrennu við útfellingu með einhverri eftirtalinna aðferða:

1. *sýrufellt kasein til manneldis:* mjólkurvara sem fæst með því að aðskilja, þvo og þurrka undanrennuhlaup sem unnið er með útfellingu í sýru, og/eða aðrar afurðir sem fást úr mjólk;
2. *hleypikasein til manneldis:* mjólkurvara sem fæst með því að aðskilja, þvo og þurrka undanrennuhlaup og/eða afurðir sem fást úr mjólk, hlaupið fæst með efnahvarfi við ostahleypi eða önnur ensím til hleypingar.
3. *kaseinat til manneldis:* mjólkurvara sem fæst með verkun efna til hlutleysingar á kasein til manneldis eða hlaup úr kaseini til manneldis og síðan þurrkun.

Kaseinöt: afurðir sem fengnar eru með því að þurrka kasein, sem hefur verið hlutleyst.

3. gr.

Í stað orðsins „mjólkurprótein“ í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur: mjólkurvörurnar sem skilgreindar eru í 2. gr., kasein og kaseinöt.

2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

4. gr.

Í stað „reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla“ í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

2. töluliður 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Í tengslum við heiti vörutegunda sem innihalda kaseinöt til manneldis skal merkja upplýsingar um plúsjónir.

Í stað orðsins „katjónir“ í 3. tölulið 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur orðið: plúsjónir.

5. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur orðið: Matvælastofnun.

6. gr.

Í stað orðanna „lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum“ í 7. gr. reglugerðarinnar kemur: lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðanna „lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum“ í 8. gr. reglugerðarinnar kemur: lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „tilskipun 83/417/EBE um tiltekin mjólkurprótein (kasein og kaseinöt) sem ætluð eru í matvæli“ í 8. gr. reglugerðarinnar kemur: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2203

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kasein og kaseinöt, sem ætluð eru til mannelis, og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 83/417/EB.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin er til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2203 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kasein og kaseinöt, sem eru ætluð til mannelis, og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. maí 2017.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Iðunn Guðjónsdóttir.

VIÐAUKI
Skilyrði fyrir kasein og kaseinöt.

I. Kröfur sem gilda um sýrufelld kasein til manneldis.*a) Samsetning.*

- | | |
|--|--|
| 1. Rakainnihald | hámark 12% m.v.þ. ¹ |
| 2. Magn mjólkurpróteina miðað við þurrefni, þar af kasein | lágmark 90% m.v.þ.
lágmark 95% m.v.þ. |
| 3. Mjólkurfita miðað við þurrefni | hámark 2% m.v.þ. |
| 4. Súrleiki kaseina, fundinn með títrun og gefinn upp í ml af 0,1 N NaOH-laun í grammi | hámark 0,27 |
| 5. Aska (þar með talið P ₂ O ₅) | hámark 2,5% m.v.þ. |
| 6. Laktósi (afvatnaður) | hámark 1% m.v.þ. |
| 7. Botnfall (brenndar agnir) | hámark 22,5 mg í 25 g |

b) Askotaefni og -hlutir.

- | | |
|---|-------------------|
| Blý (Pb) | hámark 0,75 mg/kg |
| Framandi efni (s.s. viður, málmagnir, hár eða skordýrahlutar) | engin í 25 g |

c) Hjálparefni og örverur, sem henta í matvæli og eru leyfileg við framleiðslu.

- mjókursýra (E 270)
- saltsýra (E 507)
- brennisteinssýra (E 513)
- sítrónusýra (E 330)
- ediksýra (E 260)
- fosfórsýra (E 338)
- mysa
- örverur til að framleiða mjólkursýru

d) Skynmat.

- | | |
|--------|--|
| Lykt: | Engin framandi lykt. |
| Útlit: | Frá hvítum út í rjómagulan lit. Varan má ekki innihalda kekki sem ekki leysast upp við vægan þrýsting. |

II. Hleypikasein til manneldis fyrir matvæli.*a) Samsetning.*

- | | |
|---|--|
| 1. Rakainnihald | hámark 12% m.v.þ. |
| 2. Magn mjólkurpróteina miðað við þurrefni, þar af kasein | lágmark 84% m.v.þ.
lágmark 95% m.v.þ. |
| 3. Mjólkurfita miðað við þurrefni | hámark 2% m.v.þ. |
| 4. Aska (þar með talið P ₂ O ₅) | lágmark 7,5% m.v.þ. |
| 5. Laktósi (afvatnaður) | hámark 1% m.v.þ. |
| 6. Botnfall (brenndar agnir) | hámark 15 mg í 25 g |

b) Aðskotaefni og -hlutir.

- | | |
|---|--------------|
| Blýhámark 0,75 mg/kg | |
| Framandi efni (s.s. viður, málmagnir, hár eða skordýrahlutar) | engin í 25 g |

¹ m.v.þ. = miðað við þyngd.

c) Hjálparefni sem eru leyfileg við framleiðslu.

- ostahleypir sem uppfyllir kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum;
- önnur ensím til að hleypa mjólk sem uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 1332/2008.

d) Skynmat.

Lykt: Engin framandi lykt.

Útlit: Frá hvítum út í rjómagulan lit. Varan má ekki innihalda kekki sem ekki leysast upp við vægan þrýsting.

III. Kaseinöt til manneðis fyrir matvæli.*a) Samsetning.*

- | | |
|--|--|
| 1. Rakainnihald | hámark 8% m.v.þ. |
| 2. Magn mjólkurpróteina miðað við þurrefni þar af kasein | lágmark 88% m.v.þ.
lágmark 95% m.v.þ. |
| 3. Mjólkurfita miðað við þurrefni | hámark 2% m.v.þ. |
| 4. Laktósi (afvatnaður) | hámark 1% m.v.þ. |
| 5. Sýrustig (pH gildi) | 6 til 8 |
| 6. Botnfall (brenndar agnir) | hámark 22,5 mg í 25 g |

b) Aðskotaefni og -hlutir.

Blýhámark 0,75 mg/kg

Framandi efni (s.s. viður, málmagnir, hár eða skordýrahlutar)

engin í 25 g

c) Matvælaaukefni sem eru leyfileg við framleiðslu.

Hýdroxíð, karbónöt, fosföt og sítröt af natríum (Na), kalíum (K), kalsíum (Ca), ammóníum (NH₄) og magníum (Mg).

d) Skynmat.

Lykt: Mjög dauf, framandi lykt.

Útlit: Frá hvítum út í rjómagulan lit. Varan skal vera laus við harða kekki.

Leysni: Mikil í eimuðu vatni, nema fyrir kalsíumkaseinöt.